

Ár 2013, fimmtudaginn 19. desember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar bar formaður upp dagskrárbreytingatillögu svohljóðandi:

Við bætist liður 3. Fundargerðir til samþykktar. 3.1. Fundargerð stjórnar Eignarhaldsfélags Hveragerðs og Ölfuss frá 18. desember 2013 ásamt fylgigögnum. Aðrir töluliðir dagskrárinnar breytist til samræmis við þetta.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

## **1. Bréf sem borist hafa frá:**

### **1.1. Eldhestum frá 10. desember 2013.**

Í bréfinu óska Eldhestar eftir heimild Hveragerðisbæjar um að fá að hafa forgöngu um að gerð verði reiðleið í landi Hveragerðisbæjar frá Völlum að Þorlákshafnarvegi.

Bæjarráð samþykkir að fela skipulags- og byggingafulltrúa að ræða við bréfitara.

### **1.2. Kennarafélagi Suðurlands frá 3. desember 2013.**

Með bréfinu fylgdu ályktanir frá aðalfundi Kennarafélags Suðurlands sem haldinn var á Hvolsvelli 3. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

### **1.3. Innanríkisráðuneytinu (EFS) frá 25. nóvember 2013.**

Í bréfinu er kynnt bréf sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sendi endurskoðendum sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

### **1.4. Vegagerðinni frá 9. desember 2013.**

Í bréfinu sem er afrit af bréfi sem sent er Sveitarfélaginu Ölfusi ræðir Vegagerðin um ósk sem fram hefur komið frá Zalibunu ehf um vegamót á Hringvegi við Kambabrún.

Bæjarráð lýsir yfir ánægju sinni með framkomið erindi og þann metnað og atorku sem forsvarsmenn Zalibunu leggja í verkefnið. Bæjarráð hvetur Sveitarfélagið Ölfus til að taka jákvætt í erindið og

hefja nú þegar vinnu við nauðsynlegar skipulagsbreytingar svo forsvarsmenn Zalibunu geti ótrauðir unnið áfram að framgangi verkefnisins.

1.5. **Minjastofnun Íslands frá 6. desember 2013.**

Í bréfinu er rætt um deiliskipulag í Árhólma í Ölfusdal og fram kemur að Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við deiliskipulags- og matslýsingu fyrir svæðið.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 5. desember 2013.**

Í bréfinu er kynnt ályktun sveitarstjórnarvettvangs EFTA um endurskoðun evrópskra reglna um úrgangsmál og tilskipunar um endurnýjun opinberra upplýsinga.

Lagt fram til kynningar.

2. **Tillögur:**

2.1. **Tillaga til stjórnar Háskólafélags Suðurlands.**

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Hveragerðisbær fer hér með fram á það við stjórn Háskólafélags Suðurlands að þegar í stað verði boðað til hluthafafundar í félaginu vegna þeirrar stöðu sem upp er komin vegna afturköllunar IPA styrkja til verkefnisins „Katla Geopark“. Á hluthafafundinum verði upplýst um fjárhagslegar skuldbindingar félagsins og rætt um framtíð verkefnisins í ljósi þessara tíðinda.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. **Fundargerðir til samþykktar:**

3.1. **Fundargerð stjórnar Eignarhaldsfélags Hveragerðs og Ölfuss dags. 18. desember 2013 ásamt fylgigögnum.**

Fundargerð Eignarhaldsfélags Hveragerðs og Ölfuss lögð fram.

Varðandi lið 2: Tillaga um að slíta félaginu. Bæjarráð samþykkir að félaginu verði slitið enda hefur engin starfsemi átt sér stað þar á undanförunum árum.

4. **Fundargerðir til kynningar:**

4.1. **Sorpstöð Suðurlands frá 11. desember 2013.**

4.2. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 16. desember 2013.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:51

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)